



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 5. október 1986.

112. fundur

skólanefndar F.S. var haldinn þann 2. okt. 1986 í bóknámshúsi F.S. við Sunnubraut.

Mættir voru: Guðmundur Björnsson; formaður, Hjálmar Arnason; skólameistari, Ingólfur Halldórsson; aðstoðarskólameistari, Bogi Hallgrímsson, Jón Gunnarsson, Hilmar Þ. Hilmarsson, Eggert Ólafsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Gylfi Gunnlaugsson, Kristinn Kristjánsson; fulltrúi kennara og Helga Loftsdóttir; ritari.

Formaður bauð menn velkomna og setti fund kl. 17:15.

1. HÚSBYGGINGARMÁL.

a) Formaður upplýsti að sveitarfélögin væru búin að undirrita samninginn um viðbyggingu F.S. Sagði hann undirnefnd skólanefndar F.S. hafa farið með samninginn til menntamálaráðherra og ljóst væri að samningurinn yrði undirritaður af honum í næstu viku.

Sagði formaður Húsanes h/f, Keflavík tilbúið að takast á við verkefnið, en ljóst væri að ekki verður hægt að taka viðbygginguna í notkun í janúar 1987 eins og áætlað var. Sagði hann þó ekkert því til fyrirstöðu að taka bygginguna í notkun á miðri önn.

b) Formaður greindi frá því að stjórn Sparisjóðsins í Keflavík hefði boðið skólanum til sölu húsbyggingu sína við Tjarnargötu í Keflavík. Skólameistara hafði verið falið að líta á teikningar að byggingunni.

Skólameistari kvaðst hafa fengið tvo af aðstoðarmönnum sínum sem og Reyni Adamsson, arkitekt, til að skoða teikningarnar. Eftir nákvæma athugun hefðu þeir komist að þeirri niðurstöðu að bygging Sparisjóðsins hentaði ekki þörfum skólans.

Skólanefnd samþykkti að hafna tilboði Sparisjóðsins.

c) Skólameistari lagði fram til kynningar skýrslu sem hann hefur unnið um áætlaða húsnaðisþörf F.S. á næstu áratugum.

Þar kemur fram að húsnæði í eigu skólans er 2.650 m² en miðað við þarfir ætti það að vera um 7.800 m². Skólanefnd samþykkti að senda skýrslu þessa til Hákonar Torfasonar, deildarstjóra byggingardeildar menntamálráðuneytisins.

Hilmar Þ. Hilmarsson óskaði eftir bókun:

Eg vil taka það fram að sú ákvörðun mín að styðja tillögum fyrirhugaða viðbyggingu við bóknámshús Fjölbrautaskóla Suðurnesja er tekin í ljósi þess neyðarástands sem ríkir í húsnæðismálum skólans.

Eg vil auk þess minna á og lýsa stuðningi mínum við þær hugmyndir sem fram hafa komið um nýbyggingu skólans á mörkum Keflavíkur og Njarðvíkur. Eg legg áherslu á að sú hugmynd verði tekin til alvarlegrar skoðunar sem fyrst. Sé sú leið valin skapast möguleikar til þess að hanna skólann frá grunni og laga húsnæði hans að þeirri starfssemi sem fyrirsjáanleg er í náinni framtíð. Einnig er rétt að benda sérstaklega á þau vankvæði sam skapast munu vegna skorts á bílastæðum verði húsnæði skólans stækkað enn frekar í framtíðinni. Að lokum vil ég minna á bréf núverandi skólameistara til sveitastjórna á Suðurnesjum 17. janúar 1986 og ítrekun bæjarstjórnar Njarðvíkur 8. júlí 1986 vegna afstöðu hennar til framtíðarhúsnæðis skólans á bæjarmörkum Keflavíkur og Njarðvíkur.

Formaður vísaði til nefndar er ætlað væri að gera tillögur um framtíðarskipan í húsnæðismálum F.S.

2. FLUGLIÐABRAUT.

Skólameistari sagði nemendur á flugliðabraut hafa neitað að borga þann hluta af gjaldi flugliðabrautar er ætlað væri að standa straum af akstri þeirra af og að höfuðborgarsvæðinu.

Kvað skólameistari þennan hátt hafa verið á frá upphafi brautarinnar og það hefði verið skilyrði sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir starfrækslu brautarinnar að fargjöldin kæmu ekki í hlut þeirra. Öllum nemendum væri gert þetta skilyrði ljóst í upphafi náms síns við brautina. Taldi skólameistari nemendur á brautinni hafa staðið mjög illa að aðgerðum sínum.

Skólanefnd var sammála viðbrögðum skólameistara í máli þessu. Þá var samþykkt að fela skólameistara að kanna hvort ekki væri tímabært að flytja flugliðabraut frá F.S.

3. FARGJALDAMÁL.

a) Fargjaldamál nemenda.

Skólameistari lagði fram meðfylgjandi greinargerð um nemendaakstur. Vísað til umsagnar í sveitarstjórnnum.

b) Fargjaldamál kennara.

Formaður lagði áherslu á að niðurstaða í fargjaldamáli kennara fengist á þessum fundi. Borist hafði greinargerð frá Kennarafélagi F.S. varðandi þetta mál, en hún kom rétt áður en fundur hófst þannig að ekki reyndist unnt að taka hana fyrir á þessum fundi.

Upplýsti formaður að við flesta skóla á Suðurnesjum tíðkuðust einhvers konar greiðslur fyrir akstur kennara utan svæðisins. Í ljósi þess lagði stjórn skólanefndar til að kennurum F.S. er byggju utan Suðurnesja yrði greitt sem næmi fargjaldi áætlunar-bifreiða hvern starfsdag í skólanum frá og með síðustu mánaðamótum en skólanefnd áskildi sér allan rétt til að endurskoða þá afstöðu sína að undangengnum viðræðum við fulltrúa allra skóla á Suðurnesjum.

Að loknum umræðum var tillaga þessi samþykkt 5:0, Ingimundur og Gylfi sátu hjá.

4. FJÁRMÁLASTADAN.

Skólameistari upplýsti að í dag skuldaði skólinn ýmsum aðilum rúmar 900.000 kr. þó að öllum innkaupum væri haldið í lágmarki. Lýsti hann áhyggjum sínum yfir því hversu seint gengi að fá rekstrarfé úr ríkissjóði. Þá benti hann á að enn skuldaði ríkið í raun verðbætur frá árunum 1978-85.

5. ÖNNUR MÁL.

a) Formaður minnir á þá ákvörðun skólanefndar að sitja fund með kennurum skólans og jafnfram fara í skoðunarferð um skólann.

Samþykkt var að boða til þessa fundar miðvikudaginn 15. október.

b) Skólameistari upplýsti að aðalfundur Sambands iðnfræðsluskóla yrði haldinn að Glaumbergi þann 5. október 1986. S.S.S. býður fundarmönnum til hádegisvarðar og óskaði framkvæmdastjóri S.S.S. eftir því að formaður mætti til hádegisverðar sem fulltrúi S.S.S. Aðalfulltrúar Sambands iðnfræðsluskóla frá F.S. voru kjörnir Jóhannes Helgason og Sturlaugur Ólafsson en varamenn Ingólfur Halldórsson og Jón A. Valdimarsson.

c) Skólameistari sagði að tölvufræðikennari skólans, Magnús Óskar Ingvarsson, hefði óskað eftir ferðastyrk vegna námsskeiðs

í tölvufræðum í Háskóla Íslands.

Var þetta samþykkt samhljóða, samkvæmt reglum skólanefndar um styrki til námsskeiðahalds.

d) Sagði skólameistari að vonir stæðu til að ráða mætti hjúkrunarfræðing til starfa við F.S., sem deildarstjóra sjúkraliðabrautar innan skamms.

Skólameistari lagði til að auglýst yrði eftir nemendum á sjúkraliðabruat frá og með áramótum 1986-87. Var það samþykkt samhljóða.

Einnig upplýsti skólameistari að búið væri að auglýsa námsflokka og einnig námsskeið fyrir aldraða í samráði við félagsmálaráð og Styrktarfélag aldraðra á Suðurnesjum.

e) Skólameistari lagði til að skorað yrði að bæjarstjórn Keflavíkur að setja upp hraðahindrun á mótum Faxabrautar og Sunnubrautar vegna sí vaxandi hraða á götunni. Samþykkt samhljóða.

f) Upplýsti skólameistari að Gizur I. Helgason hefði óskað eftir framlengingu á launalausum leyfi sínu. Var það samþykkt með þeim fyrirvara að hann gefi ákveðið svar um næstu áramót hvað hann ætli að gera næsta haust.

Fleira ekki gert.

Þakkaði formaður mönnum fundarsetu og sleit fundi kl. 19:00.

Guðmundur Björnsson
Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar F.S.

Helga Loftsdóttir
Helga Loftsdóttir,
ritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 15.09'86.

Greinargerð um nemendaakstur.

Akstri með nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja er þannig háttað að samið hefur verið við Steindór Sigurðsson um að hann flytji nemendur frá Vatnsleysuströnd, Grindavík, Njarðvík, Höfnum, Garði og Sandgerði í skólann á morgnana en heim aftur kl. 16:15. Fyrir þetta greiða nemendur ekkert gjald, skv. ákvörðun skólanefndar.

Heildarkostnaður á vörönn 1986 var kr. 1.441.260,- eða áætlaður um 2.888.520.- á öllu árinu. Við uppgjör reikninga gagnvart ríkinu er dregin frá upphæð sem nemur strætisvagnagjaldi fyrir hvern nema er þiggur skólaakstur. Að því búnu er upphæðinni skipt til helminga sem hverjum öðrum rekstrarlið. Miðað við nemendafjölda má ætla að upphæð þessi nemi 6-900.000,- kr. á árinu 1986. Á öðrum stöðum, þar sem skólaakstur tíðkast fyrir framhaldsskóla, eru strætisvagnagjöld krafín af nemendum, skv. upplýsingum menntamálaráðuneytisins.

Keflavíkurkaupstaður er eina byggðarlagið sem ekki nýtur aksturs fyrir nemendur sína í FS. Óskir hafa hins vegar komið fram um það frá nemendum og foreldrum, einkum í svonefndri Heiðarbyggð. Skv. upplýsingum frá Steindóri Sigurðssyni væri um að ræða kostnaðaraukningu um kr. 800,- á dag eða kr. 112.000,- á ári ef akstur um jaðarhverfi Keflavíkur bætist við þann kostnað sem fyrir er.

Niðurstaða:

- A. Áætlaður kostnaður fyrir árið 1986, m.v. óbreytt
kr. 2.900.000,-
- B. Miðað við strætisvagnagjald kr. 2.350.000,-
- C. Að viðbættum akstri um Keflavík kr. 3.012.000,-
- D. C-liður með strætisvagnagjaldi kr. 2.062.000,-

Virðingafyllst,

Hjálmar Árnason,

skólameistari

Keflavík 2. október 1986.

Skólanefnd

Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Á fundi Kennarafélags F.S. þann 24. september 1986 voru
samþykktar eftirfarandi tillögur:

1. Að skólanefnd F.S. hlutist til um, að fargjaldastyrkur verði greiddur kennurum skólans, sem búa utan Keflavíkur og Njarðvíkur (Ytri). Styrkur þessi miðist við gjaldskrá Sérleyfisbifreiða Keflavíkur á hverjum tíma. Greitt verði fyrir eina ferð, fram og til baka, þá daga sem kennari kennir á viku hverri í 18 vikur á önn. Greitt verði frá og með skólaárinu 1986-1987.
2. Kennarafélag F.S. hafnar alfarið þeim hugmyndum, sem formaður skólanefndar lagði fram á 111. fundi skólanefndar F.S. þann 4. september 1986. Félagið telur að þessar hugmyndir - ef þær komast til framkvæmda - verði til þess eins að mismuna kennurum skólans, sem kjósa eða verða að búa utan Suðurnesja.

Greinargerð.

Kennarafélag F.S. hefur barist fyrir því um allmörg ár, að kennarar skólans, sem sækja vinnu um langan veg, fái greiddar ferðir með langferðabifreiðum frá heimabyggð sinni til Keflavíkur. Þannig var þessu háttað fyrstu annir skólans. (Kennarar fengu rútumiða sér að kostnaðarlausu).

Um svipað leyti og skólanefnd og skólameistari F.S. lögðu ómælda vinnu í að koma yfirborgun til flugliðabrautarkennara í gegnum kerfið (sjá bréf 4-9 í fylgiskjöllum) samþykkti skólanefnd að aðrir kennarar skólans ættu að auka menningarlíf Suðurnesja og flytja hingað. Og þar með tóku þeir fyrir rútumiðana.

Síðan hefur skólanefnd fengið a.m.k. fimm bréf frá kennurum skólans og fylgja þrjú þeirra með skifum þessum.

Þó í bréfum þessum komi fram mjög sterk rök með því að greiða innnesja kennurum farareyri, hafnar skólanefnd því ætíð og bar þá gjarnan fyrir sig "menningaraukann". Á sama tíma "yfirborgaði" sama skólanefndin kennara flugliðabrautar þrátt fyrir þá sérstöðu þeirra að "kennari dagsins" var keyrður frá húsdýrum sínum í hlað F.S. að morgni og til baka rétt fyrir

miðjan dag. Fyrstu annirnar féll allur kostnaður við þessar yfirborganir á F.S., en seinna tók ríkið þátt í honum eins og öðrum rekstri (sjá fylgiskjöl 4-9).

Þau rök sem kennarar F.S. hafa nefnt og eru enn í fullu gildi eru m.a. þessi:

- a) 280 krónur á dag ofan á annan kostnað er verulegur bitti fyrir kennara eins og launum þeirra er háttað.
- b) Persónulegar ástæður eru oft með þeim hætti, að kennari getur ekki flust til Keflavíkur/Njarðvíkur, þrátt fyrir að hann sjálfur eigi enga ósk heitari en að geta lyft menningarlífi okkar Suðurnesjamanna í æðra veldi (sjá bréf til skólanefndar F.S. 15. okt. 1985).
- c) Flest, ef ekki öll, sveitarfélögin á Suðurnesjum greiða eða hafa greitt búsetustyrk í einu eða öðru formi. Þessir sömu aðilar reka F.S. Af hverju þessi mismunur? (Gaman væri að fá fram hjá skólanefndarmönnum hvernig þessum greiðslum er háttað í þeirra heimahögum).
- d) Um laun flugbrautarkennara segir Jón Böðvarsson í bréfi dagsettu 15. október 1980: "Eru laun þeirra því miklu lægri en sanngjarnt má teljast með tilliti til sérhæfni og menntunar. Með hliðsjón af þessu hefur þótt rétt að greiða kennurum á flugliðabraut kílómetragjald fyrir akstur til og frá Keflavík..." Á þetta má fallast, en hvernig stendur þá á því, að ekki megi greiða öllum kennurum F.S. slíka uppbót, þegar haft er í huga, að flest okkar hafa mun lengri skólagöngu að baki (=meiri sérhæfni og menntun?) og tökum laun eftir sömu kjarasamningum. Gaman væri ef núverandi skólanefnd treysti sér til að svara þessu, því sú gamla gat það ekki.
- e) Sú afstaða fyrri skólanefndar, að vilja ekki greiða ferðastyrk, hefur að áliti undirritaðs orðið til þess, að F.S. hefur misst nokkra vel menntaða og hæfa kennara á liðnum árum og, að við missum enn fleiri réttindakennara á næstunni, ef sömu stefnu verður haldið. Til þess eru margar ástæður, en aðeins verða hér nefndar tvær:
 - 1. "Innnesja kennurum" hefur sárnað mjög sá munur, sem gerður er á "kennurum flugliðabrautar" og öðrum kennurum skólans og einnig sú afstaða sveitarfélaganna, að greiða sínum

kennurum ferðastyrk en ekki kennurum F.S. Þeim finnst sem skólanefnd sé að stimpla þá sem 2. flokks kennara. Að hún vilji ekkert gera til að halda þeim við skólann. Annað hvort leggi þeir út fyrir ferðunum eða kenni við aðra skóla. Hér má vísa til bréfs Baldurs Sigurðssonar og Hjálmars Arnasonar (19. janúar 1983), en þar segir m.a.:


"Það er óneitanlega hart að verða að sitja undir því að vera af almenningsálitinu stimplaður annars flokks starfskraftur, liðleskja og auli". Og lokaorð þessa bréfs: "Að lokum viljum við taka undir með Hallgerði langbrók og gera hennar orð að vorum er hún mælti: "Engin hornkerling vil ek vera".

2. Um áramótin ganga í gildi lög um löghelgun starfsheitanna grunn- og framhaldsskólakennari. Líklega valda þau strax á næsta hausti mikilli samkeppni um "réttindakennara" á milli skólanna. Hætt er við, að þeir kennarar, sem búa á Reykjavíkursvæðinu, hugsi sig a.m.k. tvisvar um þegar farið verður að bjóða þeim stöður við skóla í nágrenni við heimili þeirra, ef á fargjaldámálum fást engar leiðréttingar þá dugir eflaust skammt þó þeim líki að öðru leyti vel við starfið hér. Ekki má gleyma því, að þessir kennarar eyða tveim klukkustundum á dag í ferðalög, sem þeir fara ekki fram á að verði greiddir, þrátt fyrir að hægt sé að nefna dæmi um slíkar greiðslur þegar sækja þarf sérhæfða þekkingu til Reykjavíkur.

- f) Ef við viljum halda í og fá til skólans kennara með full réttindi, er greiðsla farareyris, í þeirri mynd sem tillögur Kennarafélags F.S. gerir ráð fyrir, sanngirniskrafa sem getur ráðlið-úrslitum um hvort kennarar fáist eða ekki, en ræður vart því hvar kennarar kjósa að reisa sér bú og ala upp sítt ungviði.

Skólinn okkur getur aðeins batnað við það að skólanefndin samþykki þessa kröfu. En er það ekki það sem við stefnum að? (Skólanefndarfulltrúar, vitið þið hve margir kennarar skólans eru með "full réttindi"? Og ef svo er, finnst ykkur að þetta sé eðlilegt ástand?)

F.h. Kennarafélags F.S.


Egir Sigurðsson, formaður

P.S.

Greinargerð þessi er miklu lengri en undirritaður gerði ráð fyrir í upphafi. En þegar hann tók að tíunda rök, gerði hann sér grein fyrir því, að í skólanefnd eru komnir nýir vendir í stað þeirra gömlu - enda voru þeir margir orðnir hárlitlir. Þessir nýju fulltrúar eru eflaust lítt inn í þessum álum öllum og því urðu

orðin svo mörg. Í nokkrum tilfellum er vísað til plagga, sem ekki fylgja, en ef þið hafið áhuga á að kynna ykkur málin betur er sjálf-sagt að sjá ykkur fyrir þeim.

Á-fundi Kennarafélags F.S. þann 24. september kom fram að skólanefnd hefði áhuga á að taka upp nánara samstarf við KFS. Því fögnum við mjög. Því miður hefur samvinna KFS og eldri skólanefndar ekki verið með þeim hætti sem æskilegt er hjá þeim sem stefna að sama marki, þ.e.s. betra og heilbrigðara skólastarf.

AS.